

## Fundur í húsnefnd Þinghamars 30.september 2021

### FUNDARGERÐ

Fimmtudaginn 30. september 2021 kom saman húsnefnd Þinghamars í félagsheimilinu Þinghamri kl. 8:30. Mætt voru: Brynjólfur Guðmundsson, Sigbjörn Björnsson og Hrefna B Jónsdóttir. Einnig sátu fundinn Guðmundur Finnsson, húsvörður og Guðni Rafn Ásgeirsson, fulltrúi Borgarbyggðar.

Guðni greindi frá því að nú stæði fyrir dyrum fimm ára fjárhagsáætlun á fasteignasviði.

#### Tjaldstæði

Umhirða á tjaldstæði hefur breyst til batnaðar. Mála þarf húsnæðisaðstöðu við þau.

#### Húsnæði

Búið er að komast fyrir alla leka á þaki. Eftir stendur leki við glugga á norðurhlið sem er við herbergi sem Kvenfélag Stafholtstungna hefur til afnota. Glugginn er orðinn mjög ljótur að innanverðu.

Parket er ljótt vegna leka sem þarf að taka parket í Blómasal upp, slípa og lakka.)

Parket í Blómasal er skemmt vegna leka, sem er búið að laga. Það þarf að slípa og lakka parketið

Rætt um nauðsyn þess að tempra hitastig á neysluvatnslögnum.

Halda þarf áfram að mála Blómasalinn. Nefndin kallar eftir því að fá eitthvað málað á hverju ári, úti eða inni í samráði við húsvörð. Húsvörður ræddi uppsetningu állista til að hengja á myndir. Kom þessi hugmynd upp í tengslum við vel heppnaða Varmalandsdaga en þá var sett upp myndlistarsýning. Nefndin lýsti ánægju sinni yfir fegrun svæðis í aðdraganda Varmalandsdaga en eftirsláttur dróst í sex vikur.

Leiksvið þarfnast lagfæringar. Það er allt í flísum og skemmt. Lagt er til að sviðið verði í það minnsta slípað og málað. Ljósaborð fyrir leiksviðið er ónýtt. Húsvörður er á því að ekki verði gert við það oftar. Það dugar að slípa það vel upp og mála.

#### Staðan utanhúss

Í heimkeyrslu frá Ástarbeygju og að Þinghamri vantar að endurnýja malbik. Brotið er utan úr köntunum á veginum sem er varasamt. Runnið er úr brekkunni, sem liggur frá félagsheimilinu. Malbikið er því orðið ónýtt í brekkunni. Hlaðið æpir á viðhald. Malbika þarf planið fyrir utan húsið og heimreiðina. (brekkuna sem liggur frá því.)

Hellur í gangstéttinni fyrir framan húsið eru mjög skemmdar. Hitalögnin er einnig ónýtt.

Útilýsing er ófullnægjandi fyrir framan húsið. Lýsingu vantar t.d. á bílplanið og ekki fást lengur perur í ljósastaurinn, sem lýsir ástandinu sem er hér utanhúss.

Sundlaugin barst í tal.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:35

Fundarritari. Hrefna B Jónsdóttir